

Fundarstjórn: Davíð Arnar

Ritari: Nína Síbyl

Forfölluð: Helga Árnadóttir og Ragnhildur Jónsdóttir

Gestir: Árdís Erna Halldórsdóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mættir: Davíð Arnar, Eyjólfur Guðmundsson, Fanney Björg, Kristín Hermannsdóttir, Vala Garðarsdóttir, Helga Árnadóttir, Olga Ingólfssdóttir, Vilhjálmur Magnússon og Nína Síbyl.

Efni:

- Fundaáætlun 2015-2016
Rætt um nýjan fundartíma. Ákveðið var að halda fundi Þekkingarseturs Nýheima 8:00-9:30 á miðvikudögum, hálfmánaðarlega. Förunum í Lónið á vinnuferð þann 9. sept. kl. 8:00-14:00. Davíð býr til dagskrá fyrir komandi fundi haustsins varðandi fundarstjórn og ritara.
- *HFN2016*. Staða verkefnisins og næstu skref (sjá ítarefni) – Hugrún Harpa kynnir.
Hugrún kom inn á fundinn og útskýrði stöðu verkefnisins.
Ákveðið hefur verið að lengja verkefnið til 3ja ára. Fjármögnun er enn á frum stigum. Verkefnið hefur verið kynnt fyrir bæjarstjóra og Bæjarráði sem hefur tekið vel í verkefnið og lýst yfir áhuga að sýna því stuðning.
Hugrenningar um að reyna að sækja um í innlenda sjóði. Kristín lagði til að til að setja þetta verkefni inn í næstu umsókn til MPA.
Stjórn Nýheima þarf að ákveða hvort að hún vill fara inn í þá umsókn aftur aftur. Starfshópur verkefnisins innan Þekkingarseturs Nýheima ætla að funda og koma málinu áfram. Niðurstöður þeirrar vinnu verður kynntur á næsta fundi.
- *Ræsing á Hornafirði*. Átaksverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í atvinnu uppbyggingu (sjá ítarefni) – Árdís Erna kynnir.
Öflugt námskeið frá NMÍ sem er liður í að efla atvinnulíf á svæðinu. Sigurður frá NMÍ kom á Höfn í Júní og kynnti ýmis námskeið sem NMÍ hefur í boði. Á kynningunni voru nokkrir úr stjórn ÞN. Reyna á að koma verkefninu af stað með öllum tiltækum ráðum og allir tilbúnir að leggja hönd á plóg til að koma verkefninu af stað.
Það þarf 3 milljónir til að fara að stað með verkefnið. Sveitarfélagið leggur til 1 m., NMÍ leggur til 1m. og svo þarf að fjármagna síðustu milljónina með framlögum frá fyrirtækjum á svæðinu.
Fjármagnið sem safnast fer annarsvegar í verðlaunafé fyrir bestu viðskiptaáætlunina og hinsvegar í þróunarsjóð sem er m.a. ætlaður til að kaupa á nauðsynlegum gögnum og sérfræði aðstoð við gerð viðskiptaáætlana eða efniskostnað við smíð á



frumgerðum. Auk beins fjárframlags leggur Nýsköpunarmiðstöð til verkefnisstjórn, ráðgjöf og umsýslu vegna verkefnisins og sveitarfélagið leggur einnig til vinnuframlag og húsnæði vegna Ræsingar.

Dómnefnd vegna verkefnisins verður skipuð fulltrúum frá bakhjörslunum þremur. Á þar sæti einn fulltrúi frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, einn frá Sveitarfélaginu Hornafirði og allt að þrjár frá þeim fyrirtækjum sem leggja verkefninu lið.

Enn vantar nokkur fyrirtæki til að styrkja og taka þátt í verkefninu.

Fanney talaði um að þetta væri tækifæri til að opna Nýheima fyrir frumkvöðla og lagði til að hafa kynningarfund fyrir almenning.

Villi sagði að við myndum sjá eftirspurn frumkvöðla eftir aðstöðu og þjónustu Vöruhúsins.

Til þess að verkefnið geti farið af stað þarf fjármuni og þátttöku frá fyrirtækjum og mun starfshópur fara í það sem fyrst.

Önnur mál.

- Kaffistofumál

Ákveðið hefur verið að starfsfólk Nýheima fari reglubundið í klasakaffi á Nýrtorgi.

Davíð ætlar að blása í lúðra kl. 10:00.

Fundi slitið kl. 9:30

Davíð A Stefánsson
Nína Sigrún Þingvís